Reykjavík

Frístundaheimilið Brosbær

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Helstu dagsetningar 7
- Ágúst 7
- September 7
- Október 7
- Nóvember 8
- Desember 8
- Janúar 8
- Febrúar 8
- Mars 8
- Apríl 8
- Maí 9
- Júní 9
- Júlí 9

Inngangur

Í þessari aðgerðaráætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Brosbæjar auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar og áherslum frístundamiðstöðvar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri byggt á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnið út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- ✓ Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
- ✓ Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.
- ✓ Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.
- ✓ Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- ✓ Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- ✓ Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi.
- ✓ Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað, einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin.
- ✓ Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.
- ✓ Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
- ✓ Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- ✓ Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur Starfshættir og viðfangsefni	Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
Tækifæri til umbóta	Efla fjölbreytt og krefjandi útivistarstarf með auknu framboði útivistarklúbba þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt til leiks, könnunar og skapandi verkefna. Lögð verður áhersla á að vekja forvitni barnanna, efla sjálfstæði þeirra og hvetja þau til virkrar þátttöku og nýrra áskorana.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	✓ Bjóða upp á útivistarklúbb að minnsta kosti einu sinni á önn ✓ Skipuleggja að lágmarki eitt nýtt könnunar- eða útiverkefni í hverjum mánuði. ✓ Stuðla að virkri þátttöku barnanna með því að gefa þeim tækifæri til að koma með hugmyndir að verkefnum.
Ábyrgð	Forstöðumaður og Aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Starfið verður endurmetið í lok hverrar annar með því að fara yfir fjölda og fjölbreytni útivistarklúbba, þátttöku barnanna og áhuga þeirra. Leitað verður eftir sjónarmiðum barnanna með samtölum við þau og samtal starfsfólks á starfsmannafundum
Viðmið um árangur	✓ Útiklúbbar eru í boði að minnsta kosti einu sinni á önn. ✓ Að lágmarki eitt nýtt og fjölbreytt útiverkefni er í boði í hverjum mánuði. ✓ Meirihluti barnanna tekur þátt í útiklúbbum yfir önnina. ✓ Börnin sýna aukinn áhuga, frumkvæði og forvitni í útiverkefnum. ✓ Hugmyndir og sjónarmið barnanna endurspeglast í skipulagningu starfsins.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur Mannauður og faglegt starf	Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar
Tækifæri til umbóta	Efla markvissa fræðslu og símenntun starfsfólks með því að bæta aðgengi að námskeiðum, fræðsluefni og tækifærum til starfsþróunar. Leggja áherslu á reglulega þekkingarmiðlun innan starfsmannahópsins og hvetja starfsfólk til að nýta nýja þekkingu í daglegu starfi með börnunum.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	✓ Bjóða reglulega upp á fræðslu á starfsmannafundum sem tengist faglegu starfi frístundaheimilisins. ✓ Kynna fræðsluvefinn Torgið fyrir starfsfólki og leiðbeina um hvernig hægt er að nálgast og nýta fræðsluefni og námskeið. ✓ Gefa starfsfólki kost á að sækja fræðslu á Torginu utan hefðbundins vinnutíma gegn greiðslu í yfirvinnu, samkvæmt samkomulagi. ✓ Hvetja starfsfólk til að miðla nýrri þekkingu og reynslu til samstarfsfólks og nýta hana í daglegu starfi.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2029 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmat fer fram í lok hverrar annar. Farið verður yfir fjölda fræðsluerinda á starfsmannafundum, þátttöku starfsfólks í fræðslu á Torginu og nýtingu fræðslutækifæra. Einnig verður leitað eftir endurgjöf starfsfólks um gagnsemi fræðslunnar og hvernig ný þekking nýtist í daglegu starfi. Niðurstöður verða nýttar til að skipuleggja áframhaldandi fræðslu og starfsþróun.
Viðmið um árangur.	✓ Fræðsla fer fram á að minnsta kosti einum starfsmannafundi í hverjum mánuði. ✓ Allt starfsfólk hefur fengið kynningu á Torginu og veit hvernig nálgast má fræðsluefni þar. ✓ Að minnsta kosti 80% starfsfólks hefur nýtt sér fræðslu á Torginu yfir skólaárið. ✓ Starfsfólk hefur tækifæri til að sækja fræðslu utan vinnutíma gegn greiðslu í yfirvinnu samkvæmt samkomulagi. ✓ Að minnsta kosti 80% starfsfólks telur fræðsluna gagnlega og nýtast í daglegu starfi samkvæmt endurmati.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur Mannauður og faglegt starf	Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar
Tækifæri til umbóta	Efla markvissa starfsþróun með aukinni áherslu á regluleg starfsþróunarsamtöl þar sem rætt er um styrkleika, áhugasvið og þróunarmöguleika starfsfólks. Skapa jafnframt aukin tækifæri til að efla faglega hæfni, nýta styrkleika starfsfólks og stuðla að virkri þátttöku þess í þróun starfsins.
Aðgerðir til umbóta	✓ Leggja aukna áherslu á regluleg starfsþróunarsamtöl þar sem styrkleikar, áhugasvið og markmið starfsfólks eru rædd. ✓ Nýta áhugasvið, hæfileika og sérþekkingu starfsfólks við skipulagningu og stjórnun klúbba í klúbbastarfi frístundaheimilisins. ✓ Hvetja starfsfólk til að taka aukna ábyrgð og frumkvæði í þróun og framkvæmd starfsins.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Endurmat fer fram í lok hverrar annar. Farið verður yfir hvort starfsþróunarsamtöl hafi farið fram og hvernig markmið og áhugasvið starfsfólks hafa verið nýtt í starfinu. Einnig verður metið að hve miklu leyti starfsfólk hefur fengið tækifæri til að nýta styrkleika sína, stýra klúbbum og taka aukna ábyrgð og frumkvæði. Leitað verður eftir endurgjöf starfsfólks og niðurstöður nýttar til áframhaldandi starfsþróunar.
Viðmið um árangur.	✓ Allt starfsfólk hefur fengið tækifæri til að fara í starfsþróunarsamtal að minnsta kosti einu sinni á skólaárinu. ✓ Áhugasvið, hæfileikar og styrkleikar starfsfólks endurspeglast í skipulagningu og framkvæmd klúbbastarfs. ✓ Að minnsta kosti 80% starfsfólks hefur fengið tækifæri til að stýra klúbbi eða taka ábyrgð á verkefnum sem tengjast áhugasviði þess. ✓ Starfsfólk sýnir aukið frumkvæði og virkni í skipulagningu og þróun starfsins. ✓ Að minnsta kosti 80% starfsfólks telur sig hafa tækifæri til að nýta styrkleika sína og þróast faglega í starfi samkvæmt endurmati.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Í Brosbæ er lögð rík áhersla á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og réttindi barna í öllu daglegu starfi. Frístundaheimilið er Réttindafrístundaheimili UNICEF og unnið er markvisst að því að efla barnalýðræði, þátttöku og áhrif barna á eigið frístundastarf.

Reglulega eru haldnir barnafundir og barnaráðsfundir þar sem börnin fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar, koma með hugmyndir og hafa raunveruleg áhrif á skipulag og framkvæmd starfsins. Lögð er áhersla á að hlusta á raddir barnanna, virða sjónarmið þeirra og tryggja að þau upplifi að skoðanir þeirra skipti máli.

Sérstök áhersla er jafnframt lögð á metnaðarfullt og fjölbreytt starf fyrir börn í 4. bekk. Markmiðið er að mæta áhugasviði og þörfum elstu barnanna, efla þátttöku þeirra og viðhalda áhuga þeirra á frístundastarfinu. Börnin taka virkan þátt í skipulagningu og mótun starfsins og fá aukið svigrúm til að koma með hugmyndir, taka ábyrgð og hafa áhrif á þau verkefni og viðfangsefni sem boðið er upp á.

Með þessum áherslum er unnið að markmiðum menntastefnunnar um valdeflingu, félagsfærni, sjálfseflingu og virkni barna. Lýðræðisleg vinnubrögð, jafnrétti, virðing og réttur barna til þátttöku eru höfð að leiðarljósi í öllu starfi frístundaheimilisins.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- ✓ Skólasetning
- ✓ Vetrarfrístund byrjar
- ✓ Merkja snaga
- ✓ Taka myndir af nýju börnunum, búa til segla fyrir valtöflu (með myndum), setja myndir af börnum inn í Völu
- ✓ Fara yfir rýmin og skipuleggja, kynnast nýjum börnum og nýju starfsfólki
- ✓ Prenta út nöfn barna í 2. – 4. bekk fyrir barnaráð
- ✓ Uppfæra merkingar (hurðir, skápa, borð, leikfangakassa og þess háttar)

September

- ✓ Barnaráð byrjar
- ✓ Byrja með skipulagt starf fyrir 4. bekk
- ✓ Gera afmælisdagatal
- ✓ Lengd viðvera 30. sept.

Október

- ✓ Afmælishátíð barna sem fædd eru í ágúst, september og október
- ✓ Hrekkjavaka
- ✓ Jól í skókassa (2. bekkur)
- ✓ Bleikur dagur
- ✓ Bangsadagur
- ✓ Lengd viðvera 13. október
- ✓ Leikskólaheimsókn
- ✓ Vetrarfrí 22., 23. og 26. október – starfsdagar

Nóvember

- ✓ Klúbbastarf fyrir 1. og 2. bekk byrjar
- ✓ Afmæli barnasáttmálans
- ✓ Baráttudagur gegn einelti

Desember

- ✓ Hlé gert á barnaráði og klúbbastarfi
- ✓ Viðburður fyrir foreldra
- ✓ Bjóða börnum upp á streitulaust umhverfi, jólakósý, jólaföndur
- ✓ Fara með pakka undir tréð í Kringlunni (4. bekkur)
- ✓ Ferðir á bókasafnið í Spöng með alla bekki
- ✓ Jólapeysudagur
- ✓ Lengd viðvera v. jólafrís
- ✓ Leikskólaheimsókn

Janúar

- ✓ Barnaráð byrjar aftur
- ✓ Afmælishátíð barna sem fædd eru í nóvember, desember og janúar
- ✓ Bóndadagur – þorrablót
- ✓ Dagskrá fyrir 3. bekk byrjar
- ✓ Lengd viðvera 4. Janúar

Febrúar

- ✓ Klúbbastarf fyrir 3. og 4. bekk byrjar
- ✓ Bolludagur
- ✓ Öskudagur
- ✓ Konudagur
- ✓ Vetrarleyfi 22. og 23. febrúar – starfsdagar
- ✓ Glitrandi dagur
- ✓ Lengd viðvera 5. og 8. febrúar

Mars

- ✓ Páskaföndur
- ✓ Viðburður fyrir foreldra
- ✓ Leikskólaheimsókn
- ✓ Lengd viðvera v. páskafrís

Apríl

- ✓ Afmælishátíð barna sem fædd eru í febrúar, mars og apríl
- ✓ Undirbúningur fyrir barnamenningahátíð
- ✓ Menntastefnumót – lokað í Brosbæ

Maí

- ✓ Byrja með skipulagt útistarf (fjöruferðir, gönguferðir um hverfið)
- ✓ Lengd viðvera 18. maí

Júní

- ✓ Útskriftaferð fyrir 4. bekk
- ✓ Vorhátíð Brosbæjar (ísbíllinn)
- ✓ Afmælishátíð fyrir börn fædd í maí, júní og júlí
- ✓ Sumarstarf byrjar

Júlí

- ✓ Sumarstarf